

Ný námskrá; námsmarkmið í dönsku **10b.** – **3. stig**

Hlustun og áhorf	
<i>Frásagnir og kynningar; skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt</i>	
Nemandi getur hlustað eftir tilteknum upplýsingum í samtali eða frásögn, þegar talað er skýrt	
Nemandi getur fylgst með dönskum kvikmyndum og þáttum og skilið aðalatriðin	
Nemandi getur unnið verkefni í tengslum við kvikmyndir og þætti	
<i>Greining upplýsinga; hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim</i>	
Nemandi getur unnið og skilið flestar hlustunaræfingar í kennslustundum	
Nemandi getur skilið í aðalatriðum efni sem tengist námsefninu	
Nemandi getur hlustað eftir upplýsingum og unnið með þær í verkefnum eða prófum	

Lestur og lesskilningur	
<i>Orðaforði; lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum</i>	
Nemandi getur lesið texta í námsbókum og leitað eftir ákveðnum upplýsingum	
Nemandi getur aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu	
Nemandi getur áttað sig á aðalatriðum í texta sem hann hefur ekki lesið áður	
Nemandi getur leyst ýmis konar lesskilningsverkefni í texta sem hann hefur ekki lesið áður	
<i>Bókmenntir; lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</i>	
Nemandi getur skilið aðalatriði smásagna eða skáldsagna og haldið þræði án þess að skilja hvert einasta orð	
Nemandi getur lesið sér til gagns skáldsögur/smásögur og unnið ýmis konar verkefni úr þeim	
Nemandi getur valið sér léttlestrarbók út frá lestrarhæfni sinni	
<i>Rauntexar; lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt</i>	
Nemandi getur við lestur getið sér til um merkingu orða út frá samhengi textans	
Nemandi getur skilið aðalatriði lengri texta, t.d. af netinu og nýtt sér í verkefnavinnu	

Nemandi kann að nota einfaldar námsaðferðir til að auðvelda sér námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á textanum
Nemandi getur lesið texta sem hann hefur ekki séð áður og svarað flestum spurningum úr honum
Nemandi getur notað netmiðla til að leita að upplýsingum

Samskipti
<i>Óformlegt samtal; tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli</i>
Nemandi getur tekið þátt í samtali þar sem skipst er á léttum upplýsingum
Nemandi æfir sig í að tala t.d. með því að lesa upphátt og hlusta á dönsku til að ná betur framburði
<i>Almenn samskipti; tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum</i>
Nemandi getur notað málið og tekið viðtal við samnemenda
Nemandi tekur þátt í hlutverkaleikjum – myndbandsverkefnum til að æfa t.d. hvernig hægt sé að bjarga sér
<i>Samræður; tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós</i>
Nemandi getur unnið talverkefni á dönsku, samkvæmt ákveðnum fyriræmum

Frásögn	Nem.
<i>Frásögn og kynning; flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum</i>	
Nemandi getur flutt kynningu á dönsku sem hann hefur æft	
Nemandi getur sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum o.fl. t.d. í myndbandi	
<i>Flutningur; samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra</i>	
Nemandi getur samið og flutt atriði á dönsku, í t.d. myndbandi	
Nemandi getur unnið hópverkefni tengt námsefninu og kynnt	
<i>Tjáning; tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum</i>	
Nemandi getur unnið verkefni tengt námsefninu og sagt frá því	
<i>Framsögn; beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi</i>	
Nemandi getur talað með nokkuð eðlilegum framburði	

Nemandi talar skýrt í myndbandi eða á upptöku	
Nemandi æfir textann sinn áður en hann tekur hann upp	
Nemandi er duglegur að hlusta á tal á dönsku til að ná betur framburði	
Nemandir er duglegur að æfa framburð, t.d. með því að lesa upphátt	

Ritun	Nem.
Málnotkun; sýnt góð tæk á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi	
Nemandi getur skrifað texta í nútíð og þátíð og notað algengar samtengingar, t.d. som, og, fordi, at o.fl.	
Nemandi veit að orðaröðun í setningum er ekki alveg eins í dönsku og íslensku	
Nemandi þekkir helstu málfræðiflokka, t.d. nafnorð, sagnorð, lýsingarorð o.fl.	
Samfelldur texti; skrifað lipran samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum	
Nemandi getur skrifað texta með nokkuð góðu samhengi og notað orðaforða sem hann hefur lært	
Nemandi getur skrifað samfelldan texta um efni, sem hann hefur lært (u.þ.b. 80-100 orð) með nokkuð réttri stafsetningu	
Persónuleg reynsla; skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða	
Nemandi getur tjáð skoðanir sínar og hugsanir á skiljanlegu máli	
Nemandi getur skrifað texta um sjálfan sig, áhugamál, fjölskyldu, vini og tilfinningar	
Endursögn; skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt	
Nemandi getur skrifað samfelldan texta um mismunandi efni sem unnið hefur verið með	
Nemandi kann að fletta upp á netinu og nota þær upplýsingar í ritun	
Nemandi kann að fletta upp í orðabók	
Nemandi getur flett upp á snara.is til að finna merkingu orða	
Skapandi ritun; samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín	
Nemandi getur skrifað samfelldan u.þ.b. 80-100 orða texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín út frá efni sem hann þekkir	

Menningarlæsi	Nem.
Samfélag; Sýnt að hann þekkir samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins	
Nemandi þekkir til ýmissa hátíða í Danmörku, eins og t.d. jóla	
Nemandi þekkir hvernig danska skólakerfið er	
Nemandi þekkir nokkuð til þekktra Dana (t.d. leikara, tónlistarmanna), danskrar hönnunar o.fl.	
Nemandi kann ýmis orð sem tengjast fjölskyldu, skóla, frítíma, hátíðum o.fl.	
Nemandi þekkir helstu borgir, áhugaverði staði, konungsfjölskylduna, fánann o.fl.	
Fjölbreytileiki; gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma	
Nemandi veit að í Danmörku býr og starfar fólk frá ólíkum menningarheimum	
Skyldleiki og afbrigði tungumála; greint á milli helstu afbrigða tungumálsins	
Nemandi veit að það eru mismunandi mállýskur í DK	
Nemandi veit að danska, norska, sænska og færeyska eru ekki eins	